

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 30. október 2013 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-69/2013:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 19. ágúst sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á fartölvu, sem upphaflega var keypti í Y, hér eftir einnig nefnt seljandi. Álitsbeiðandi krefst þess að seljandi greiði sér skaðabætur.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 20. ágúst sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 2. september. Með bréfi, dags. 12. september, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og fékk frest til þess til 26. september. Engin frekari gögn bárust nefndinni. Með bréfi, dags. 29. október, var aðilum tilkynnt að kærunefndin hefði tekið málið til afgreiðslu.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni kemur fram að hinn 2. nóvember 2011 keypti einkahlutafélagið Z fartölvu af gerðinni MacBook Pro 13“ af seljanda. Var álitsbeiðandi starfsmaður systurfélags Z og fékk tölvuna til afnota á meðan hann starfaði fyrir það félag en hélt síðan tölvunni eftir að hann lauk störfum. Segir álitsbeiðandi að tölvan hafi verið keypt með upprunalegum íhlutum, en hann hafi síðan keypt í hana nýjan harðan disk og vinnsluminni og sett það í tölvuna sjálfur.

Hinn 31. júlí 2013 bilaði tölvan og var farið með hana í viðgerð í verslun B í París. Þar var neitað að framkvæma viðgerð á tölvunni og álitsbeiðanda bent á að hafa samband við þá verslun sem seldi tölvuna upphaflega. Fór álitsbeiðandi því með tölvuna í viðgerð í verslun seljanda hérlendis. Var framkvæmd viðgerð á tölvunni í ágúst 2013. Reyndist vera um bilun í kapli sem tengdi móðurborð tölvunnar við harða diskinn sem álitsbeiðandi mun sjálfur hafa sett í vélina. Fyrir verkið var álitsbeiðandi rukkaður af seljanda um kr. 8.915 þar sem tölvan var skráð á upphaflegan kaupanda, sem var fyrirtæki en ekki einstaklingur og ábyrgð á tölvunni sé því aðeins eitt ár. Sætti álitsbeiðandi sig ekki við þessa niðurstöðu og bendir seljanda á að samkvæmt lögum nr. 48/2003 um neytendakaup sé ábyrgð á raftækjum tvö ár. Þá bendir álitsbeiðandi á að ekkert komi fram í lögum um að aðeins eins árs ábyrgð sé á söluhlutum þegar þeir séu keyptir af fyrirtæki og ekkert komi fram um ábyrgð á reikningi sem gefinn var út þegar tölvan var upphaflega keypt. Afhendir seljandi þá álitsbeiðanda afrit af söluskilmálum seljanda þar sem fram komi að eins árs ábyrgð sé á vörum keyptum af fyrirtækjum. Þá bendir seljandi á að varan sé heldur ekki í ábyrgð þar sem skipt hafi verið um íhluti í henni af öðrum en seljanda. Álitsbeiðandi vísar þá til þess að starfsmaður B í París hafði ekki talið að slíkt myndi leiða til brottfalls ábyrgðar.

Að lokum segir álitsbeiðandi að hann hafi greitt fyrir viðgerðina á tölvunni, en í kjölfarið óskað eftir því að kærunefndin veitti álit í málinu. Krefst álitsbeiðandi þess að seljandi endurgreiði sér kr. 8.915 vegna viðgerðarinnar.

Meðfylgandi álitsbeiðni er, auk kvittunar vegna viðgerðar á umræddri tölvu, afrit af reikningi fyrir kaupum á tölvunni, dags. 2. nóvember 2011, að fjárhæð kr. 169.990. Kaupandi skv. reikningnum er einkahlutafélag. Á bakhlíð reikningsins er að finna ábyrgðarskilmála seljanda. Þar segir m.a. orðrétt: „Ef um er að ræða sölu til fyrirtækis er tímamark til að bera fyrir sig galla á seldri vöru frá Y eitt ár frá því að söluhlut var veitt viðtöku nema annað sé sérstaklega tekið fram.“

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda er rakið að upphaflega hafi tölva sú er deilt er um verið seld til einkahlutafélags hinn 2. nóvember 2011. Þá kemur fram að allar tölvur sem seljandi selur séu seldar með ábyrgð samkvæmt lögum. Í ábyrgðarskilmálum komi eftirfarandi fram: „Ábyrgðarskilmálarnir í þessari yfirlýsingu, að því leyti sem lög leyfa, undanskilja ekki, takmarka eða breyta heldur eru til viðbótar lögbundnum réttindum sem gilda um sölu viðkomandi vöru. Ef um er að ræða sölu til fyrirtækis er tímamark til að bera fyrir sig galla á seldri vöru frá Y eitt ár frá því að söluhlut var veitt viðtöku nema annað sé sérstaklega tekið fram. Í samræmi við lög um neytendakaup, nr. 48/2003 er þessi frestur tvö ár ef um er að ræða smásölu til neytenda.“

Vísar álitsbeiðandi til þess að ofangreind málsgrein úr ábyrgðarskilmála hans sé byggð á 3. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 og eigi því lög nr. 48/2003 ekki við um umrædda tölvu þar sem kaupandi hennar var ekki neytandi í skilningi laganna. Rekur seljandi að ábyrgðarskilmálar hans séu forprentaðir aftan á reikningseyðublöð auk þess sem þau sé að finna á vefsíðu hans. Skilmálarnir ættu því að vera á upphaflegum reikningi vegna kaupa á tölvunni, en ekki á afriti. Í sömu ábyrgðarskilmálum komi síðan fram að ábyrgð á vélbúnaði falli niður m.a. í tilvikum þar sem óviðkomandi aðili hefur opnað eða átt við búnað, breytt honum eða bætt við hann á einhvern hátt. Bendir seljandi á að í álitsbeiðni komi fram að álitsbeiðandi hafi einmitt opnað umrædda tölvu og breytt henni með ísetningu á hörðum disk. Þá bendir seljandi á að ummæli starfsmanns B í París eigi ekki við um íslensk lög en gætu átt við um skilmála Apple varðandi eins árs verksmiðjuábyrgð Apple. Að lokum hafnar seljandi kröfum álitsbeiðanda.

V

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 50/2000 um lausafjárkaup.

Í máli þessu er deilt um kostnað við viðgerð á fartölvu af gerðinni MacBook Pro 13“ sem upphaflega var keypt af seljanda af einkahlutafélag hinn 2. nóvember 2011 fyrir kr. 169.990. Var viðgerð framkvæmd á tölvunni í ágúst 2013 og var kostnaður vegna viðgerðarinnar kr. 8.915. Álitsbeiðandi hefur þegar greitt fyrir viðgerðina, en krefur seljanda um endurgreiðslu kostnaðarins. Verður að líta á kröfu álitsbeiðanda sem skaðabótakröfu.

Samkvæmt því sem fram kemur í álitsbeiðni mun álitsbeiðandi nú vera eigandi tölvunnar og er því gengið út frá því að hann hafi keypt hana með einhverjum hætti af einkahlutafélagi því er upphaflega keypti tölvuna hinn 2. nóvember 2011, án þess að fyrir liggi gögn um þá sölu. Í 84. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup segir að ef annað leiði ekki af samningi, geti kaupandi gert kröfu vegna galla á söluhlut á hendur fyrri söluaðila ef seljandi getur gert sams konar kröfu vegna gallans. Samkvæmt greininni getur því kaupandi söluvöru snúið sér að upphaflegum seljanda hennar og t.d. gert kröfu á hendur honum vegna

galla á söluvörinni. Verður því að meta sjálfstætt hvort upphaflegur kaupandi tölvunnar gæti gert kröfu á hendur seljanda í máli þessu en niðurstaða um það ræður því hvort álitsbeiðandi geti sjálfur haldið uppi kröfu gagnvart seljanda.

Seljandi hefur haldið því fram að slíka kröfu geti hvorki álitsbeiðandi né fyrri eigandi tölvunnar gert þar sem að samkvæmt söluskilmálum seljanda sé frestur fyrirtækja til að bera fyrir sig galla á söluvöru takmarkaður við eitt ár og að sá frestur sé liðinn. Máli sínu til stuðnings hefur seljandi vísað til 3. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup en þar segir orðrét: „Ákvæði laga þessara eiga ekki við þegar annað leiðir af samningi, fastri venju milli aðila, viðskiptavenju eða annarri venju sem telja verður bindandi í millum aðila.“

Álitsbeiðandi hefur mótmælt þessu og telur að samkvæmt lögnum gildi tveggja ára kvörtunarfrestur. Kærunefndin vill benda á að í sjálfu sér er sá skilningur álitsbeiðanda réttur, enda kemur fram í 2. mgr. 32. gr. laganna að frestur kaupanda til að bera fyrir sig galla sé tvö ár. Hins vegar eru lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup, ólíkt t.d. lögum nr. 48/2003 um neytendakaup, ekki ófrávíkjanleg, en á það hefur seljandi bent með að vísa til tilvitnaðar 3. gr. laganna. Var seljanda þannig heimilt að takmarka frest seljanda til að bera fyrir sig galla á tölvunni við eitt ár, í stað þeirra tveggja ára sem almennt er kveðið á um lausafjárkaupalögum. Sá frestur rann út hin 2. nóvember 2012, þ.e. meira en hálfu ári áður en tölva álitsbeiðanda bilaði. Leiðir af þessu að fyrri eigandi tölvunnar, áðurnefnt einkahlutafélag, hefði ekki getað borið fyrir sig galla á tölvunni við seljanda hennar eftir 2. nóvember 2012. Af því leiðir að álitsbeiðandi getur ekki gert kröfu á hendur seljanda og verður því að hafna kröfum hans.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir